

Níundi fundur haldinn að Breiðabliki 17. október að Breiðabliki 2019 kl. 20:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Viðhaldsmál í Laugargerðisskóla.
 - Þak á íþróttahúsi. Samþykkt að klára þak á lægri hluta íþróttahúss, áætlaður kostnaður er um 6 milj. Oddviti leitar frávika frá fjárhagsáætlun en upphæðin verður tekin af handbæru fé. Samþykkt af hreppsnefnd.
 - Þak á herbergisálmum. Lagt fram tilboð Fagpak ehf um að setja dúk á herbergisálmum. Samþykkt að taka tilboðinu með 4 atkvæðum, Halldór situr hjá. Framkvæmdin miðast við janúar 2020.
2. Staðgreiðsluáætlun fyrir árin 2019 og 2020. Lögð fram til kynningar.
3. Uppgjör útsvars 2019.
4. Fjárhagsáætlun EM fyrir 2020 fyrri umræða. Samþykkt til seinni umræðu. Oddvita falið að auglýsa eftir styrkumsóknum frá félagasamtökum í EM vegna fjárhagsáætlunargerðar.
5. Erindi frá Ingvaldi Eiríksdóttur dagsett 10.10.2019 og varðar breytingu á póstnúmeri. Póstnúmerabreytingin var ákveðin og framkvæmd af Íslandspósti og ekki á vegum EM.
6. Tilboð frá Alta í að gera deiliskipulag vegna Laugargerðisskóla. Samþykkt að taka tilboðinu.
7. Umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistigar í flokki II frá Festi ehf að Eiðhúsum. Ekki er gerð athugasemd við að leyfið sé veitt.
8. Beiðni um að harpa mól við Holtsenda. Beiðninni hafnað.
9. Erindi frá Þórð Runólfssyni og varðar beiðni um viðræður vegna ágangs sauðfjár á lóð Ræktunarstöðvarinnar. Eins og fram kemur í fundargerð 9. Fundar 7. Október 2013 samþykkti hreppsnefnd að taka þátt í kostnaði í samræmi við girðingarlög á landamerkjum hreppslands og Ræktunarstöðvarinnar. Hreppsnefnd lítur svo á að þegar hafi verið brugðist við og því ekki ástæða til að fara í viðræður.
10. Afskriftarbeiðni frá Sýslumanni dagsett 14. Október 2019. Fært í trúnaðarbók.
11. Fundargerð 874. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
12. Fundargerð 147 fundar stjórnar SSV

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)

